

að og málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1969.

Nr. 177/1968. **Gunnlaugur Halldórsson**
Guðmundur Kr. Kristinsson
 (Ragnar Jónsson hrl.)
Sigurður J. Helgason og
Byggingameistarinn h/f
 (Baldvin Jónsson hrl.)
 gegn
Bjarna Hannessyni
 (Sigurður Helgason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Ábyrgð byggingameistara og verktaka á byggingarframkvæmdum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Áfrýjendur Sigurður J. Helgason og Byggingameistarinn h/f hafa áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 21. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Þeir gera þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjenda.

Matsgerð sú frá 30. apríl 1965, er í málinu greinir, var framkvæmd, löngu áður en áfrýjendum Gunnlaugi Halldórs-

syni og Guðmundi Kr. Kristinssyni var stefnt inn í málið, og var þeim eigi veittur kostur á að gæta hagsmuna sinna við það mat. Þá hefur ekkert mat né könnun reynda málsins, er hald sé í og varði nefnda áfrýjendur sérstaklega, farið fram, eftir að þeim var stefnt til greiðslu skaðabóta. Þessi þáttur málsins er því í grundvallaratriðum óreifaður. Ber af þeim sökum að ómerkja málsmeðferð og dóm í héraði, að því er til framangreindra áfrýjenda tekur, og vísa málinu að því leyti frá héraðsdómi. Kostnaður í héraði og hér fyrir dómi af þessu sakarefni þykir eiga að falla niður.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar áfrýjendur Sigurð J. Helgason og Byggingameistarann h/f, og greiði þeir stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk, að því er varðar áfrýjendur Gunnlaug Halldórsson og Guðmund Kr. Kristinsson og stefnda, Bjarna Hannesson, en málskostnaður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Héraðsdómurinn er staðfestur, að því er varðar stefnda og áfrýjendur Sigurð J. Helgason og Byggingameistarann h/f, sem greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ. m., hefur Bjarni Hannesson rafvirkjameistari, Sólheimum 25 hér í borg, höfðað með stefnu, birtri 26. júní 1965, gegn Sigurði Helgasyni múrara-meistara, Goðheimum 20, til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 32.900.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, þar á meðal matskostnaði, kr. 3.353.50.

Með sakaukastefnu, birtri 26. febrúar 1966, höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur stefnda Byggingameistarannum h/f, Reykja-

vík, og með sakaukastefnu, birtri 2. marz 1966, höfðaði stefnandi einnig mál á hendur Gunnlaugi Halldórssyni arkitekt, Hofi á Álftanesi í Bessastaðahreppi, og Guðmundi Kr. Kristinssyni, Vesturbæ, Álftanesi, Gullbringusýslu.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur á hendur sakaukastefndu, að þeir verði dæmdir in solidum ásamt stefnda Sigurði Helgasyni til þess að greiða kröfur þær, sem áður er lýst.

Stefndu Sigurður Helgason og Byggingameistarinn h/f hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar.

Stefndu Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað á hendur stefndu vegna galla á múrhúðun á gólfum í íbúð á 11. hæð C í húsinu nr. 25 við Sólheima hér í borg. Hann kveðst á árinu 1960 hafa gerzt aðili að byggingu nefnds húss, er byggt hafi verið á vegum Byggingarsamvinnufélagsins Framtaks.

Stefndu Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson teiknuðu hús þetta. Stefndi Sigurður Helgason var múrarameistari við bygginguna, en stefndi Byggingameistarinn h/f var verktaki að múrverki því, sem málið fjallar um. Stefndi Sigurður Helgason er hluthafi í Byggingameistarinum h/f og framkvæmdastjóri hlutafélagsins.

Stefnandi hefur í skýrslu, dags. 1. nóvember 1965, skýrt svo frá, að seinni hlutann í marzmánuði 1962 hafi hann þurft að færa rör fyrir eldavél í eldhúsi umræddrar íbúðar. Er hann braut frá rörinu, hafi komið í ljós, að vikurinn í gólfinu var óbundinn og mjög víða laus frá örþunnri yfirborðsmúrhúð. Þar sem hann hafi álitid, að gólflagið væri ónýtt, kveðst hann hafa stöðvað uppsetningu á tréverki og tilkynnt stefnda Sigurði Helgasyni um ástand gólfsins og lýst því fyrir honum. Stefndi Sigurður hafi haldið því fram, að gólfið væri í lagi. Hafi þeir þráttað um þetta. Kveðst stefnandi hafa sagt Sigurði m. a., að hann mundi ekki taka á sig ábyrgð á því, ef gólfið færi að brotna upp síðar. Sigurður hafi hins vegar fullyrt, að óhætt væri að halda áfram við tréverkið. Stefnandi kveðst hafa flutt í íbúðina í lok septembermánaðar 1962. Áður en flutt var inn, kveðst hann hafa ferniserað allt gólfið í íbúðinni og málað stofugólfið með olúmálningu. Hann kveðst þó strax hafa sett flisar á eldhúsgólfið og mjög

fljótlega pappadúk á stofuna og fyrir jólin 1962 hafi hann sett pappadúk á gang og borðkrók. Fljótlega eftir áramótin 1962 og 1963 hafi hann sett linoleumdúk á svefnherbergi. Sumarið 1963 hafi mjög víða verið komnar holur í gólfið, sérstaklega í eldhúsi og stofu. Kveðst hann þá hafa beðið stjórn hússins að gangast fyrir viðgerð á gólfinu. Um haustið 1963 hafi af hálfu stjórnarinnar þeir Indriði Einarsson og Bragi Melax skoðað gólfin. Í janúar 1964 hafi Sigurður Helgason skoðað gólfið og þá lofað að gera við það, en jafnframt lýst því yfir, að hann þyrfti að ráðfæra sig við aðra um aðferðina við viðgerðina. Engar efndir hafi þó orðið á þessu loforði. Á síðari hluta ársins 1964 eftir margítrekaðar beiðnir um viðgerð á gólfunum hafi Sigurður Helgason komið aftur til þess að skoða gólfið. Hafi hann þá haft góð orð um viðgerð fyrir jólin 1964. Engar efndir hafi þó orðið á því, en eftir áramótin 1964—1965 hafi Sigurður lýst því yfir, að hann mundi ekki gera við gólfin. Stefnandi kveðst ekki hafa fylgt með því, hvenær gólfið var múrhuðað. Hann kveðst hins vegar hafa fengið upplýsingar, meðal annars frá Indriða Einarssyni, um aðferðir múrarána við múrverkið. Vikurinn hafi verið keyrður í hjólbörum inn í íbúðirnar og sturtað þar í nokkrar hrúgur á gólfin og hjólbörufjöldi látinn ráða um blöndun vikurs og sements. Þetta hafi síðan verið hrært með höndum á mjög ósléttum gólfum, en mokað síðan út um þau. Stefnandi segir, að áður en hann setti flísar, pappadúk og linoleumdúk á hluta af gólfum íbúðarinnar, hafi ekki verið farnir að koma fram neinir gallar á þeim hlutum gólfanna, en hins vegar hafi víða mátt finna, að múrhuðunarlagið hafi verið laust frá vikursteininum, sem undir var.

Þann 24. marz 1965 ritaði lögmaður stefnanda yfirborgardómaranum í Reykjavík bréf með beiðni um, að hann dómkveddi tvo matsmenn til þess að skoða og meta galla á gólfi nefndrar íbúðar. Yfirborgardómari dómkvaddi þá Þórð Þórðarson múrara-meistara og Ólaf Ólafsson veggfóðrarmeistara. Skiluðu þeir matsgerð, sem dagsett er 30. apríl 1965, svohljóðandi:

„Fimmtudaginn 25. marz vorum við undirritaðir dómkvaddir af yfirborgardómaranum í Reykjavík, Hákon Guðmundssyni, samkvæmt beiðni Þorvalds Lúðvíkssonar hrl. til að skoða og meta galla þá, er fram hafa komið í íbúð Bjarna Hannessonar, Sólheimum 25 á 11. hæð C, eins og nánar getur í beiðninni.

Skoðun fór fram laugardaginn 10/4 1965 kl. 5 e. h. Viðstaddir voru auk matsmanna Sigurður Helgason, múraram., Goðheimum 20, og Bjarni Hannesson íbúðareigandi. Jón Hallsson, Sólheimum

25, var einnig boðaður, en tilkynnti, að hann mundi ekki mæta.

Lesin var matsbeiðni á staðnum og að því loknu skoðuð gólf íbúðarinnar. Við skoðun kom í ljós, að gólf íbúðarinnar gangast upp, og víða eru göt á slitlagi. Galla þessa teljum við stafa af því, að of veik vikurblanda er í slitlagi, og þar sem geislahitun er í gólfunum, virðist ílagið brenna með tímanum af hitanum, sem í gólfunum er.

Galla þessa og skemmdir á dúk metum við samkv. framan-skráðu og eftir nána athugun á kr. 22.900.00“.

Í málinu liggur frammi niðurstaða rannsókar byggingarefna-rannsóknardeildar Atvinnudeildar Háskólas, dags. 18. maí 1965. Þar segir svo:

„Skv. endurtekinni beiðni Hr. Baldurs Aspar var gólfílögn í íbúð Bjarna Hannessonar á 11. hæð í húsinu skoðuð og sýnishorn tekin.

Ílögnin sjálf ber með sér, að hún hefir ekki næga festu til þess að gegna hlutverki sínu, enda víðast molnuð.

Við skoðun á sýnishorninu kemur í ljós, að það er misveikt, og bendir til þess, að blandan hafi verið mjög blaut við niðurlagn-ingu, þannig að semetsefjan hafi náð að renna af kornunum sumsstaðar.

Yfirborðsmúrhuð er mjög þunn, innan við 0.5 cm, og dreifir því umferðarálagi mjög lítið.

Ekki er unnt að segja fyrir um orsakir til þess, að gólfílögnin hefir ekki náð tilætluðum styrkleika, því ekkert sýnishorn var til af þeim efnum, sem í hana höfðu farið, og engar prófanir höfðu verið framkvæmdar á þeim“.

Matsmaðurinn Þórður Þórðarson hefur komið fyrir dóm. Segir matsmaðurinn, að með því, að of veik vikurblanda sé í slitlagi, eigi hann við, að of lítið sement sé í blöndunni. Hann kveður frágang gólfsins frábrugðinn því, sem vanalegt sé, að því leyti, að engin gólfþússning hafi verið á gólfinu, heldur hafi verið þússað slitlag úr vikursteypunni sjálfri. Vitnið kveður það álit sitt, að veik vikursteypa þoli ekki, að gengið sé á henni, nema eitthvað sé sett ofan á hana henni til hlífðar. Hann segir, að sums staðar í íbúðinni hafi verið gólf dúkur á gólfi, en annars staðar hafi aðeins verið ber steinn, en gólfið málað. Segir matsmaðurinn, að gallarnir hafi bæði komið fram þar, sem dúkur var, og þar, sem hann var ekki. Hann kveðst hafa reynzlu af því, að of veik vikurblanda molni við mikinn hita. Hann segir, að sig minni, að blöndunarhlutföll vikurblöndunnar hafi verið að frá-

sögn Sigurðar 1 : 5, en vanaleg gólfíloð sé yfirleitt 1 : 2. Hann segir, að vatnið í hitalögn slíkri og þarna var í húsinu megi ekki fara upp fyrir 40° C, því að þá springi steypan og gólfílagið geti losnað frá plötunni Matsmaðurinn kynnti sér ekki sérstaklega, hvernig háttað var rekstri á hitakerfi hússins á þeim tíma, sem lagt var í gólf. Fyrir matsmanninum var lesin útboðslýsing á múrvinnu, dskj. nr. 9. Gerir matsmaðurinn þær athugasemdir, að í lýsinguna vanti alveg, hversu þykkt slitlag skuli vera. Segir hann það vera álit sitt, að ílag í blöndunni 1 : 5 geti dugað í því tilfelli, sem hér á við, ef jafnframt sé sett á það slitlag 2—3 cm í hlutföllunum 1 : 2½. Matsmaðurinn kveðst hafa athugað sérstaklega, að vikurblanda var í slitlaginu, en ekki vanaleg sandblanda. Að gefnu tilefni upplýsir matsmaðurinn, að með því að segja í matsgerðinni, „virðist ílagið brenna með tímanum“, eigi hann við, að svo virðist sem ílagið bakist og þar sem steypan sé ónýtt, þoli hún ekki umgang á gólfum, þorni upp og molni með tímanum. Aðspurður hvort hann hafi orðið þess var, að sements-efjan hafi runnið af kornum steypunnar eða steypan verið missterk, segir matsmaðurinn, að ekki sé hægt að ganga úr skugga um slíkt við skoðun, eins og matsmennirnir framkvæmdu, en matsmaðurinn tekur fram, að gólfíð virðist hafa verið verst farið þar, sem mest var á því gengið.

Lögð hefur verið fram í málinu útboðslýsing svohljóðandi:

„ÚTBOÐSLÝSING

á múrvinnu við byggingu b.s.f. „Framtaks“ við Sólheima no. 25. . .

Leggja skal í gólf íbúða á þann hátt, að miðað sé við, að þrep-skjaldarlaust sé innan íbúðanna, enda verður til staðar aðstoð til hallamælingar og ákvörðunar á hæð efri brúnar á gólfi.

Skal ílag vera 1 hluti sements á móti ca. 5 hlutum af hreinum salt- og sýrufríum vikursandi, en gera má ráð fyrir, að þykkt þess sé frá, yfirleitt 2—4 cm — ílagið skal taka rétt, svo að slitlag geti verið sem jafnast og ekki þykkt. Slitlagið sé úr blöndu 1 : 2½ eftir nánara samkomulagi. Gæta skal þess sérstaklega að taka hitann af gólfum (loftum), meðan mesta þornun fer fram, og smá auka síðan hitann, og forðast allan umgang, þangað til öruggri herzlu er náð.

EFNI: Sementið sé nýtt og kekkjalaust og viðurkennt portlandsement. Sandur skal vera hreinn og ómengaður af skaðlegum efnum, og af hæfilegri kornastærð til gróf- og fínhúðunar.

VERKKAUPI: Lætur í té sand, vikursand, fínþússningarsand, sement, kalk og vírnet í húsi og utan, á neðstu hæð. Rafmagn til ljósa, og hita í geislahitunar-kerfi, og vatn eftir þörfum á hæðum. Efni í vinnu-palla, eftir samkomulagi.

VERKSALI: Lætur í té alla vinnu við ofangreint verk, þar í falinn flutningur á efni og öll handlöngun, og hvers konar aðstoð við múrvinnuna. Verksali lætur á sinn kostnað gera nauðsynlega vinnupalla. Hann skal standa straum af kostnaði við trygg-ingar og orlofsfé“.

Útboðslýsingu þessa sömdu arkitektarnir Gunnlaugur Hall-dórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson.

Stefndi Sigurður Helgason hefur í aðiljaskýrslu, dags. 28. september 1965, skýrt svo frá:

„... B.s.f. Framtak bauð út múrvinnu við byggingu félagsins við Sólheima 25, og var útboðslýsing gerð af þeim arkitektunum Gunnlaugi Halldórssyni og Guðm. Kr. Kristinssyni.

Engu tilboði var tekið, en samið var við Byggingameistarann h.f., og var verkið unnið skv. útboðslýsingunni með nokkrum frávikum, svo sem að byggingarsamvinnufélaginu væri heimilt að láta félagsmenn vinna að handlöngun o. fl. Verkkaupi lét í té allt efni og skilaði því á staðinn. Trésmíðameistari hússins á þessu stigi var Pétur Laxdal, og sá hann um daglega verkstjórn verkamanna, sem voru að mestu eigendur íbúða í húsinu, og voru byggingarmeistararnum engin umsjónarlaun greidd af vinnu þessara manna. Í stjórn b.s.f. Framtaks voru þá Þorsteinn Óskars-son, Gunnar Baldvinsson, Kristinn Sigurjónsson, Guðmundur Vil-hjálmsson og að ég held Baldur Aspar. Ég mætti á fundi með stjórn b.s.f. Framtaks í apríl 1961 ásamt arkitektunum og gerði þá strax athugasemd um það, hvernig áætlað væri að vinna gólfín, en fékk engu ráðið þar um. Þetta ætla ég, að hafi verið bókað í fundargerðarbókina.

Verkið var unnið skv. fyrrnefndri útboðslýsingu, og var blandað 1 hluta af sementi á móti 5 hlutum af vikri, sem lagt var í gólfíð, en síðan dregið yfir þunnt lag af sandlögum og glattað yfir. Geisla-hitun er í loftum, og er það sjálfsagt orsök skemmdanna, þar sem vikurinn má ekki þorna um of, og má t. d. alls ekki hita vatnið í kerfinu yfir 40—45 gráður C, en þarna var enginn termo-stat, svo að erfitt var að hafa jafnan hita sem nauðsynlegt var, a. m. k. fyrst í stað.

Eins og að framan segir, unnu eigendur að handlöngun, og var vel kunnugt um, hvernig verkið væri unnið. Þess vegna var það alveg óverjandi, hve lengi gólfín voru notuð óvarín. Íbúð stefnanda var tekin í notkun fyrir ca. 4 árum, og hafa gólfín verið notuð dúkalaus mest af þeim tíma, og verða þau þá fyrir ýmsu hnjaski, sem getur skemmt þau“.

Stefndi Sigurður Helgason hefur hér fyrir dómi þann 10. nóvember 1965 skýrt svo frá, að hann hafi verið múrarameistari hússins gagnvart byggingaryfirvöldum. Hann segir, að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um múrverkið og að verkið hafi verið unnið samkvæmt reikningi. Á fundi þeim, sem samið var um milli Framtaks og Byggingameistarans h/f um múrverkið, hafi Gunnlaugur Halldórsson arkitekt spurt sig, hvort hann hefði einhverjar athugasemdir að gera við útboðslýsingu. Kveðst hann þá hafa gert athugasemdir við hana. Hafi þær verið bókaðar í fundargerð.

Fundargerð þessi hefur verið lögð fram í málinu. Viðvirkjandi þessu atriði er bókað í fundargerðina: „Í öðru lagi taldi Sigurður Helgason, að slitlag á gólfínu væri samkvæmt útboðslýsingunni úr of sterkri blöndu. Lofaði Gunnlaugur Halldórsson að athuga það nánar“.

Stefndi Sigurður kveður þarna ekki rétt frá skýrt, að því er hann minnir. Hann telur, að hann hafi gagnrýnt þá aðferð, sem fyrirhuguð var við ilagningu gólfa, og hafi hann bent á, að betra væri að múra gólfín á venjulegan hátt, en líma síðan korkþynnur ofan á. Menn hafi rætt um þetta á fundinum, en forsvarsmenn Framtaks hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að nota þá aðferð, sem um ræðir í útboðslýsingu, þar sem dýrara hafi verið að nota korkinn og þar sem Gunnlaugur Halldórsson hafi sérstaklega mælt með þeirri aðferð, sem um ræðir í útboðslýsingunni. Telur stefndi Sigurður, að Gunnlaugur hafi sérstaklega minnt á, að sama aðferð hafi verið notuð í fjölbýlishúsi við Kleppsvæg, sem hann hafði umsjón með, með góðum árangri. Skömmu eftir fundinn, sem haldinn var 29. marz 1961, kveðst hann hafa hafizt handa um að múra húsið. Hann kveðst ekki geta upplýst, hvenær gólfín í íbúð stefnanda voru múruð, en hann geti ef til vill séð það við athugun á gögnum. Múrverkið hafi verið unnið alveg eftir forskrift arkitektanna. Hafi þeir meðal annars verið kalllaðir sérstaklega á staðinn. Í annað skiptið hafi svo hagað til, að múrarárnir höfðu lagt ca. 2 cm lag af grófþússningu ofan á vikursteyppuna, en það hafi allt sprungið og

losnað. Þá hafi verið ákveðið af arkitektunum að reyna að hafa slitlagið örþunnt, þ. e. að þússa upp úr vikrinum. Svo hafi þetta verið gert við eitt gólf og það látið standa í nokkurn tíma, en arkitektarnir af því búnu kallaðir á staðinn. Hafi þá verið ákveðið að nota þessa aðferð framvegis við gólfilögnina. Vikursteypan hafi verið blönduð í hlutfallinu 1 : 5. Vikursteypan hafi verið hrærð með höndum. Það hafi verið gert samkvæmt ósk eigenda hússins. Verkkaupar hafi útvegað vikursandinn, sem notaður var. Hann kveðst ekki hafa athugað sandinn sérstaklega, en hafa haft spurnir af því, að um gott hráefni var að ræða. Hann segir, að nú hafi komið í ljós almennar skemmdir á gólfum hússins. Hafi honum borizt margar umkvartanir þar að lútandi. Kveðst hann ekki minnst þess að hafa lofað stefnanda þessa máls að láta gera við gólfinn á ákveðnum tíma. Hann kveðst trúlega hafa lofað honum að athuga, hvað hægt væri að gera. Hann kveðst hafa reynt ýmsar aðgerðir til þess að bæta úr göllum þessum á húsinu, en þær hafi allar reynzt árangurslausar. Hann tekur fram, að ekki sé hægt að hafa einangrunarsteypu úr vikri mjög sterka, þar eð hún missi þá einangrunargildi sitt. Hann tekur einnig fram, að það hafi verið vitað frá upphafi, að gólfinn þyldu illa hnjask og mættu því ekki vera óvarin. Hann segir, að mest hafi borið á göllum í gólfum, sem voru óvarin, en þó viti hann þess dæmi, að gallar hafi komið fram á gólfum, þar sem fullrar var-úðar var gætt. Hann segir það vera álit sitt, að aðferð sú, sem notuð var við gólfinn, hafi aldrei átt neinn tilverurétt miðað við þær aðstæður, sem þarna voru, en hann telji, að hún hafi verið ákveðin af eigendum og arkitektum gegn ráðleggingum sínum. Hann telur útilokað, að við ílagningu gólfanna hafi verið notuð blandan 1 : 8. Hann segir, að öll þússning hafi verið hrærð niðri í kjallara hússins að undanskilinni vikurblöndunni, sem hrærð hafi verið uppi á hæðinni af flokki íbúðareigenda, sem gengið hafi á milli múraranna, sem unnið hafi í þremur flokkum. Hann kveðst telja útilokað, að þessir íbúðareigendur hafi ekki hrært í réttum hlutföllum. Hann kveðst sjálfur hafa rætt við þá oftár en einu sinni um blöndunina og hafa fylgzt með þeim, eins og unnt var við jafnstórt verkefni. Hann tekur fram, að honum sé ekki kunnugt um, að neinar frostsKemmdir hafi orðið á húsinu Sólheimum 25. Daginn, sem frost hafi komið um haustið, hafi hann tekið alla múrarana frá störfum í húsinu og í önnur verk-efni og hafi þeir ekki komið aftur, fyrr en hiti var kominn í húsið.

Stefndi Guðmundur Kristinsson arkitekt gaf skýrslu fyrir dómi 22. febrúar 1966 og skýrði þá svo frá, að arkitektar hússins hafi ákveðið, hvernig ganga skyldi frá gólfum. Arkitektarnir hafi bent hússtjórninni á fleiri leiðir en þá, sem valin var við það að hitaeinangra gólf hússins. Eftir að gerður hafði verið kostnaðarsamanburður, lauslega áætlaður, hafi sú leið verið valin að leggja vikursteypu í gólf. Hafi sú leið verið valin í samráði við hússtjórnina. Þeir arkitektarnir hafi áður látið leggja sams konar vikursteypu í gólf í stórt sambýlishús við Kleppsveg og hafi þeir talið sig hafa góða reynslu af því. Að vísu hafi þá verið komnir fram gallar á nokkrum gólfum í því húsi, og segir hann, að stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Framtaks hafi verið skýrt frá því, en hann segist hafa talið þá og telja enn, að þeir gallar hefðu ekki þurft að koma til, ef rétt hefði verið farið að. Útboðslýsingin hafi í þessu skyni verið gerð nákvæmari en ella til að koma í veg fyrir, að gallarnir endurtækju sig. Hann segir, að áður hafi verið búið að leggja vikursteypu í gólf í annarri „blokk“ við Sólheima, er Byggingarsamvinnufélagið Framtak byggði. Áður en vikursteypan var sett í gólf in húsinu á Kleppsveginum, hafi arkitektarnir með milligöngu Ingvars Þórðarsonar látið Jón Eiríksson múrarmeistara gera nokkrar tilraunir með mismunandi gerðir vikursteypu og hafi vikurblandan, sem endanlega var notuð, verið valin með hliðsjón af þeim tilraunum. Nefndur Ingvar hafi komið til þeirra með vikursteypuprufur og hafi þeir arkitektarnir og Ingvar prófað styrkleika steypuprufanna með því að setja þær undir hornið á stólfæti og síðan þrýst á með mannsþunga. Hafi þær prufur verið valdar, sem ekki markaði fyrir stólfætinum á. Í þessu sambandi kveðst hann vitna til framburðar í bæjarþingsmálinu Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur gegn Byggi h/f, en dómur í því máli var kveðinn upp í Hæstarétti 13. febrúar 1968. Hann kveðst vilja leggja áherzlu á það, að nota hafi átt salt- og sýrufrían sand, eins og fram komi í útboðslýsingu. Ekkert hafi verið tekið fram um, hvernig skyldi hræra steypuna, en þetta atriði séu múrarmeistarar fullfærir að dæma um. Eins og fram komi í útboðslýsingu, sé sett slitlag ofan á vikursteypuna. Á fyrstu gólfunum hafi slitlagið verið þykkara en síðar varð og það sé eflaust rétt hjá stefnda Sigurði, að þeir arkitektarnir hafi ákveðið að þynna slitlagið, því að erfiðleikar kæmu af því að hafa það eins þykkt og áður. Hann segir, að honum hafi verið kunnugt um galla, sem komið hafi fram á gólfum hússins Sólheimum 25, og kveðst hafa verið kvaddur

þangað á fundi út af göllumum ásamt stefnda Sigurði. Augljóst sé, að mjög skorti upp á samloðun í steypunni, en hvort það stafi af því, að útboðslýsingu arkitektanna hafi ekki verið fylgt nákvæmlega eða af öðrum orsökum, kveðst hann ekki geta gert sér grein fyrir. Hér geti komið til gallað efni í steypunni, of blaut steypa, steypan hafi fengið of skamman tíma, til þess að sementið gæti náð fullri bindiorku vegna of skjótrar upphitunar, umgangur hafi verið of mikill, meðan steypan hafi verið að harðna, og margt fleira, sem hann telur, að komið geti hér til. Þeir arkitektarnir hafi ætlað til þess, að gólfín yrðu ekki notuð óvarin, heldur væri settur á þau dúkur eða annað, eins og vanalegt sé. Að sínum dómi sé ófullnægjandi að fernisera gólfín einungis, þar eð það bindi aðeins efsta lagið og hlífi aðeins yfirborði steypunnar. Að því er varðar matsgerð matsmannanna, segist hann vilja gera þær athugasemdir í fyrsta lagi, að ekki sé vikur í slitlaginu, og í öðru lagi þá sé kenningin um, að ílagið brenni með tímanum vegna hita, sér ókunnug og þurfi vísindalegar tilraunir til að sannreyna hana. Að því er varðar niðurstöður rannsóknar Atvinnudeildar Háskólans, kveðst hann ekki geta gert neinar athugasemdir nema varðandi þykktina á slitlaginu. Þeir arkitektarnir hafi talað um, að slitlagið ætti að vera þunnt, en til samamburðar sé normalt þússningarlag um 1 tommu á þykkt, en auðvitað geti það orðið þynnra sums staðar. Honum finnst 0.5 cm of þunn meðalþykkt, en hann viti ekki, hvernig sýnishornin hafi verið tekin. Hann minnst þess ekki að hafa gefið fyrirmæli um, að slitlagið ætti að vera þunnt eins og skæni. Hann tekur fram, að þeir arkitektarnir hafi ekki haft daglegt eftirlit með vinnu í húsinu, en þeir hafi komið þangað við og við, eins og starfi þeirra tilheyri, og ávallt þegar þeir hafi verið sérstaklega tilkallaðir.

Í málinu liggur frammi aðiljaskýrsla arkitektanna Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar. Skýrsla þessi, sem er ódagsett, var lögð fram 3. maí 1966. Hún er svohljóðandi:

„Árið 1956 fól stjórn byggingarsamvinnufjelagsins Framtaks okkur að gera teikningar af fjölbýlishúsum, er það hugðist láta reisa við Sólheima no. 27 og 29.

Við önnuðumst síðan venjuleg arkitektastörf við þessar byggingar, en félagið sjálft annaðist daglegt eftirlit, kvaddi okkur til ráðagerða og eftirlits, þegar þurfa þótti.

Í ársbyrjun 1961 var farið að ræða um framkvæmd múrverks á síðara húsinu, en í því var geislahitun sem hinu fyrra. Verkið var rætt í einstökum atriðum, og hvað gólfín snertir, bentum

við stjórninni á ýmsar aðrar aðferðir til einangrunar gólfhitans en þeirrar, er notuð hafði verið í fyrri byggingu Framtaks, — en þar var notað vikurílag með slitlagi úr sandlögum. Við það tækifæri greindum við frá skemmdum, er komið höfðu í ljós í fjölbýlishúsi við Kleppsvæg, er við höfðum teiknað, en galla þessa töldum við og teljum enn stafa af rangri útfærslu fyrirmæla okkar.

Eftir athuganir og kostnaðarsamanburð var ákveðið að nota vikurílag með slitlagi úr sandlögum. Útboðslýsing var síðan samin, en það hafði verið ákveðið að bjóða verkið út, og voru þar ýmis atriði ákveðin í samráði við stjórnina í því skyni að tryggja sem beztan árangur. Viljum við þar til nefna, að að okkar ráðum var verksala gert í útboðslýsingunni að láta í té alla vinnu við ofangreint verk, þar í falinn flutningur á efni og öll handlöngun og hvers konar aðstoð við múrverk.

Framtak hafði í mun ríkara mæli en önnur byggingarfjelög haldið á lofti, að íbúðareigendur ynnu við byggingu sína. Þetta töldum við óráðlegt að gera að skilyrði í útboðinu og bentum á, að verksali ætti að bera ábyrgð á allri vinnunni (eins og handlöngun) og yrði því sjálfur að velja sjer starfslið — og yrði það að vera hans mat, hvort eigendur teldust hlutgengir til starfans. Fallizt var á þetta sjónarmið, eins og útboðslýsing ber með sjer, og samþykkti stjórnin útboðslýsinguna á fundi 27. febr. 1961.

Tilboð bárust 20. marz, en þau voru rædd á fundi 25. marz, en kom þá í ljós, að lægsti bjóðandi, Magnús Baldvinsson, fjell frá boði sínu. Þá var enn haldinn stjórnarfundur um málið, og mættu þar einnig Sigurður Helgason múrarameistari byggingarinnar og Gunnlaugur Halldórsson arkitekt. Sigurður gerði grein fyrir tilboði sínu, en það þótti of hátt, og var því talað um, að Sigurður ynni verkið í reikningi.

Gunnlaugur bað Sigurð Helgason að segja álit sitt á verklýsingunni og eins, ef hann gæti betrum bætt hana. Sigurður varð við þessum tilmælum, en hafði ekki annað að athuga við verklýsinguna, hvað gólfín og frágang þeirra snertir, en að hann taldi blöndu slitlagsins fullsterka, — en blandan er samkv. lýsingu 1 : 2½ (1 sement — 2½ sandur). Gunnlaugur óskaði eftir, að þessi atriði yrðu bókuð í fundargerðarbókina. Áður en múrvinna hófst og út byggingartímann, var Pétur Laxdal eftirlitsmaður við bygginguna, — var hann ráðinn af stjórninni og trúnaðarmaður hennar. Dag einn vorum við kallaðir á vinnustað, en þá hafði komið í ljós, að fyrstu gólfín, — okkur minnir þau vera 3, höfðu

sprungið, en slitlag þeirra var, að því er við beztt munum, um 3 cm. Þetta var, samkvæmt verklýsingu okkar, óþarflega þykkt slitlag — bæði minnkaði við það einangrun ílagsins — og hættara væri við sprungum í slitlaginu þetta þykku.

Munum við því hafa bent á að þynna slitlagið og setja það á eins fljótt og kostur væri — eða þá ofan á blauta ílagssteypuna og gæta þeirrar varúðar í hvívetna, er um getur í verklýsingunni. Um annað, er lýtur að vinnubrögðum (vinnuháttum) fagmanna, höfum við ekki fengist — enda algerlega á þeirra ábyrgð og engar misfellur þá á okkar vitorði, — þó ekki sæjum við gólfín, áður en lagt var í þau. Við teljum, að hér hafi verið um að ræða fyrstu gólfín og á neðstu hæðum byggingarinnar og þetta muni hafa verið í öndverðum ágúst mánuði.

Þá teljum við okkur muna, að múrarameisterinn hafi viðurkennt, að frost hafi valdið skemmdum á gólful nokkurra íbúða, og kvaðst hann hafa látið „moka“ út af nokkrum gólful af þeim ástæðum. Að öðru leyti vitnum við til verklýsingar og þeirra varúðarráðstafana, sem þar er getið um“.

Gunnlaugur Halldórsson kom fyrir dóm 4. maí 1966 og staðfesti efni skýrslunnar. Í því sambandi tók hann fram, að númerum bygginganna, sem um getur í skýrslunni, hafi verið breytt. Þá skýrði hann frá því, að á fundi 25. nóvember 1963 hjá Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki, en fundurinn var haldinn að Laufásvegi 18 A, hafi Bragi Melax meðal annars sagt: „Maður ætti kannski ekki að minnst á það, að við erum ekki fagmenn í að blanda steypu og kunnum lítið til þeirra hluta“.

Annar af fulltrúum Byggingarfélagsins Framtaks á fundinum hafi sagt: „Já, og svo var oft rekið svo á eftir og ekkert eftirlit með því, hvort rétt væri gert hjá okkur“.

Kvaðst Gunnlaugur hafa skráð þetta niður strax og umræddur fundur var um garð genginn. Hann kveðst hafa haft orð á því, að ekki fengist bindingur, nema að bera fyrst á sementsgraut á rakt gólfið. Þeir hafi sagt, að það hafi ekki verið gert, en steypan aftur á móti alveg fljótandi í vatni. Þá kveðst hann hafa sagt, að vikur væri lengi að þorna og áriðandi væri að snerta ekki gólfín, fyrr en mesta hörðun væri um garð gengin. En þeir hafi lýst því yfir, að það hafi verið farið að ganga á gólfunum, einkum úti á svölum, undir eins og hætti að marka för á þeim, oft daginn eftir.

Þorsteinn Óskarsson, sem var framkvæmdastjóri Byggingarsamvinnufélagsins Framtaks við þessa byggingu, gaf skýrslu

fyrir dómi 4. marz 1966. Hann segir, að stjórnin hafi boðið út alla múrvinnu, sem eftir var, þegar húsið hafði verið steyppt upp. Hafi þetta verið gert með góðu samkomulagi við Sigurð Helgason, sem verið hafi múraramleistari við húsið. Þrjú tilboð hafi borizt, þar af eitt frá Sigurði Helgasyni, en engu tilboðanna hafi verið tekið. Hafi sá aðili, sem lægst bauð, gengið frá tilboði sínu, þegar á reyndi, og hafi stefndi Sigurður Helgason þá verið látinn vinna vekið með venjulegum kjörum. Hann segir, að innan stjórnarinnar muni eitthvað hafa verið rætt um mismunandi aðferðir við að leggja í gólf hússins, en niðurstaðan hafi orðið sú, að vikursteypa var valin. Telur vitnið, að það kunni að hafa ráðið, að vikursteypa hafi verið lögð í gólf hússins Sólheima 27, sem byggt var eftir sömu teikningu. Ákvörðun þessi hafi verið tekin í samráði við arkitekta og meistara hússins. Þegar verkið var boðið út, hafi arkitektarnir gert útboðslýsingu varðandi ílagningu gólfa. Telur hann, að við hana hafi verið stuðzt, þegar verkið var unnið. Eigendur íbúðanna hafi unnið við byggingu hússins ýmis störf sem ófaglærðir verkamenn undir stjórn viðkomandi meistara. Sjálfur kveðst hann ekki hafa unnið við að aðstoða við ílagningu gólfanna. Hann kveðst muna, að strax hafi komið fram gallar í nokkrum gólfum og hafi þau verið brotin upp, ílögninni ekið út úr húsinu og lagt í þau á nýjan leik. Kveðst hann minnst þess, að stjórnin hafi kallað arkitektana í húsinu til þess að láta þá segja álit sitt um vinnuna við gólfinn og hvernig lagfæra mætti einhver ákveðin gólf, sem gallar höfðu komið fram á. Arkitektarnir hafi rætt við Sigurð múraramleistara um lagfæringu. Þetta hafi gerzt, eftir að gengið hafði verið frá gólfunum, en hann kveðst ekki minnst þess, að arkitektarnir hafi verið kallaðir sérstaklega út af gólfunum, á meðan á ílögn stóð. Hann segir, að allur gangur hafi verið á því, hvernig íbúðareigendur gengu frá gólfum í íbúðum sínum, eftir að múrverki við þau var lokið. Sjálfur kveðst hann hafa rykbundið gólf sinnar íbúðar og síðan fljótlega sett á þau pappadúk, sem notaður hafi verið í ca. 1½ ár. Nú séu á gólfum teppi og flísar. Ekki hafi komið fram á gólfum íbúðar hans stórvægilegir gallar. Gallar hafi hins vegar komið fljótlega fram á gólfum stefnanda og í tveimur öðrum íbúðum. Hann minnst þess ekki, að rætt hafi verið um neina stórvægilega galla á gólfum hússins Sólheimum 27, áður en ráðizt var í að múrhuða gólfinn í Sólheimum 25. Stjórnin hafi lagt til efni við múrhuðun hússins. Vikursand þann, sem notaður var, hafi stjórnin fengið hjá Sigurði nokkrum Jónssyni vörubílstjóra

í skiptum fyrir timbur. Kveðst hann muna, að eitthvað hafi verið rætt við sig um gerð efnisins, en minnst þess ekki, að nein vísindaleg rannsókn hafi hafi farið fram á efninu á vegum stjórnarinnar. Hann segir, að Pétur Laxdal trésmíðameistari hafi verið verkstjóri fyrir þeim íbúðareigendum, sem unnu við húsið, og muni hann hafa lánað menn til aðstoðarstarfa við múrverkið. Ílögn í gólfinn hafi verið framkvæmd að sumri til, áður en miðstöð var sett í gang. Hann segir, að hitakerfi hússins fylgi hitastillir, sem stjórnir hámarks- og lágmarkshita kerfisins.

Baldur Aspar kom fyrir dóm 13. apríl 1966. Hefur hann skýrt svo frá, að þegar hann tók sæti í stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Framtaks, 2. byggingaflokk, hafi stjórnin verið búin að ákveða, hvaða efni skyldi nota við einangrun gólfa. Eftir að hann kom í stjórnina, hafi arkitektar hússins verið beðnir að útbúa útbóðslýsingu af frágangi gólfa. Hann kveðst ekki hafa verið á stjórnarfundi þeim, er tilboðin voru opnuð á. Stjórnin hafi ákveðið að hafna öllum tilboðum, en síðan hafi verið samið við Byggingameistarann h/f um, að verkið skyldi unnið eftir reikningi. Umsamið hafi verið við múrarameistarann, Sigurð Helgason, að hús-eigendur legðu til menn í handlöngun, en þeir hafi unnið undir stjórn múrarameistarans. Ætlunin hafi verið að hræra steypuna í gólfinn í steypuhrærivél og hafi svo verið gert í fyrstu gólfinn. Kveðst hann hafa komið í húsið, skömmu eftir að byrjað var að vinna við gólfinn. Hafi hann þá veitt því athygli, að steypuefni var flutt óhrært upp á hæðirnar og hrært þar með höndunum. Honum hafi komið þetta spánskt fyrir sjónir, þar eð hann hafi haldið, að mikilvægt væri að hræra steypuna í vél. Kveðst hann hafa spurt handlangarana, hverju þetta sætti, en þeir hafi svarað því til, að iðnaðarmönnum hafi þótt verkið ganga of seint með því að hræra steypuna í vélum. Ekki kveðst hann hafa fengið uppgefið, hver leyfði að fara svona að við verkið. Hann kveðst hafa rætt þetta við formann stjórnarinnar, Þorstein Óskarsson, en kveðst ekki muna, hvort hann ræddi þetta á stjórnarfundi eða við Sigurð Helgason. Hann segir, að gallar hafi komið strax fram á fyrstu gólfunum. Hafi múrarameistarin í samráði við arkitektana látið breyta slitlaginu eitthvað, en það hafi ekki gefið betri raun. Kveðst hann halda, að þá hafi verið skotið á ráðstefnu með múrarameisturunum og arkitektunum. Heldur hann, að niðurstaðan hafi orðið sú, að slitlagið skyldi þynnt. Sjálfur kveðst hann ekki hafa unnið að handlagningu við ílagningu gólfanna. Hann segir, að hiti hafi verið settur á húsið, um það leyti sem

gólfílagningunni var lokið eða var að ljúka, en hann kveðst ekki muna, hvernig því hagaði til, er hiti var settur á. Hann segir, að Byggingarsamvinnufélagið Framtak hafi haft trúnaðarmann á vinnustað, Pétur Laxdal. Hafi Pétur haft með verkstjórn að gera, en um verkaskiptingu milli hans og múrarameistarans kveðst hann ekki geta upplýst. Hafi Pétur Laxdal verið ráðinn af hússtjórninni. Ekki minnst hann þess, að hússtjórnin hafi krafizt efnagreiningar á vikrinum, sem notaður var af seljanda hans, né látið efnagreina hann sjálfur. Ekki kveðst hann vita, hver hafi gætt þess, að ekki var gengið á gólfunum, eftir að ílagningu þeirra var lokið.

Pétur Laxdal hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið trésmíðameistari hússins og verkstjóri verkamanna, að svo miklu leyti sem það gekk ekki inn á svið annarra fagmanna. Kveðst hann hafa verið trúnaðarmaður hússtjórnar og séð um ýmiss konar snúninga í sambandi við byggingu hússins. Hann segir, að þegar rætt var um gólfin í húsinu í upphafi, hafi verið um fjórar leiðir að ræða. Í fyrsta lagi að hafa gólfin óeinangruð. Í öðru lagi að einangra þau með korki. Í þriðja lagi að einangra þau með frauðsteypu og í fjórða lagi að einangra þau með vikri. Fyrsta leiðin hafi ekki verið talin fær. Önnur leiðin hafi þótt of kostnaðarsöm og af tveim síðasttöldu leiðunum hafi vikuraðferðin þótt skárri, enda þótt hússtjórninni væri það ljóst, að hún væri ekki jafngóð og korkaðferðin. Vikuraðferðin hafi verið valin í samráði við arkitektana. Hann kveðst ekki muna, hvort múrarameistarinn hafi verið henni andvígur, en segir, að honum þyki það ekki ósennilegt, þar eð múrarameistarinn hafði áður haft af slíkri reynslu (sic). Hann kveðst muna, að múrarameistarinn taldi, að hafa yrði tveggja til þriggja cm þykkt slitlag ofan á vikursteypunni, þar eð hún væri ekki nógu sterk. Hafi múrarameistarinn unnið fyrstu gólfin þannig, en þegar gólfílagningin hafi þornað, hafi hún öll sprungið. Hafi þá verið ákveðið í samráði við arkitektana að hafa slitlagið örþunnt. Hann kveðst hafa séð um að útvega handlangara við ílagningu gólfanna, en eftir að handlangararnir voru komnir til starfa, hafi múrarnir sagt þeim fyrir verkum. Í fyrstunni hafi steypan í gólfin verið hrærð í hrærivél, en því hafi verið hætt, þar sem illa hafi gengið að hræra vikurinn í vél og múrarnir hafi ekki talið sig hafa nokkurn tíma til að mæta þeim töfum, sem af því leiddi. Hafi því verið gripið til þess ráðs að hræra vikurinn í höndunum. Múrarnir hafi trúlega ráðið því, og kveðst hann varla hafa gert neina athugasemd við

það, enda hafi hann ekki séð neitt athugavert við það og verkið hafi heldur ekki verið í hans verkahring. Eftir að slitlagið var lagt í gólfín, segir hann, að skorður hafi verið settar við dýraop, en hann kveðst ekki vita, hve lengi þær hafi staðið. Vanalega séu slíkar skorður hafðar, þar til yfirborð sé orðið vel sporheit. Ekkert hafi verið unnið í íbúðunum í nokkrar vikur, eftir að lagt var í gólfín, en þá hafi fínþússun þeirra hafizt. Íbúðareigendur hafi fengið íbúðir sínar afhentar tilbúnar undir tréverk og hafi það verið löngu eftir að lokið var við að leggja í gólfín. Hann kveðst hafa verið ráðinn til starfa af hússtjórninni og verið trúnaðarmaður hennar, en ekki sérstaklega arkitektanna.

Ragnar Hilmar Þorsteinsson, sem kom fyrir dóm 1. júní 1966, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið múrari við múrverk hússins Sólheima 25 undir stjórn Sigurðar Helgasonar. Hann kveðst muna, hvernig unnið var við gólfín í Sólheimum 25. Það hafi verið gert eins og venja sé, þegar vikur er notaður. Fyrst hafi gólfín verið hreinsuð vel og öll laus steypa fjarlægð, síðan hafi þau verið kústuð með sementsblöndu. Vikurinn og sement hafi verið þurrhrært með skóflum inni á gólfi, en síðan bleytt í og steypan hrærð. Þar næst hafi vikursteypan verið lögð í gólfín og hún hnölluð. Vikursteypan hafi verið látin þorna eina nótt, en þá hafi verið straujað yfir þússningarlag. Þússningarlagið hafi verið úr sandi og sementi og hafi það ekki verið haft þykkt. Hann minnst þess ekki, að breytingar hafi verið gerðar á þykkt þússningarlagsins. Eigendur íbúðanna hafi að mestu leyti annast handlöngun við múrverkið. Hafi þeir unnið eftir tilsögn meistaranna, en múrarmeistarinn hafi sagt til um styrkleika steypublöndunnar. Hann minnir, að vikursteypublandan hafi verið höfð örlítið sterkari en vanalegt er, þar eð slitlagið hafi verið svo þunnt. Telur vitnið, að jafngott sé að hræra vikursteypuna í höndum og gera það með vél. Eigendurnir, sem við handlangið hafi unnið, hafi reynzt ágætlega. Ekki kvaðst hann muna sérstaklega eftir vinnunni við 11. hæð C. Við þær íbúðir, sem vitnið vann, hafi verið lagt slitlag úr sandi og sementi. Sú breyting hafi verið gerð frá Sólheimum 27, að þar hafi slitlagið verið haft þykkt, en í Sólheimum 25 hafi það verið haft þunnt. Honum skildist, að þessi breyting hafi verið gerð, þar eð gólfín í fyrri blokkinni hafi viljað springa upp. Þegar umrædd gólf voru gerð, hafi vanaleg vikurblanda verið talin 1 : 10 til 1 : 12, en hann segir, að sig minni, að í þetta skipti hafi verið notuð blanda 1 : 8, og segir hann, að hann hafi vanalega notað þá blöndu síðan.

Páll Leifur Gíslason múrari hefur hér fyrir dómi 3. júní 1966 skýrt svo frá, að hann hafi unnið við múrverk í umræddu húsi. Við gólfin í húsinu hafi verið notuð vikursteypa, en síðan dregin sandlögn yfir og síðan glattað yfir á venjulegan hátt. Fyrst hafi gólfið verið hreinsað vel, bleytt og sementskústað, en vikursteypa síðan lögð yfir. Hann geti ekki sagt um blöndunarhlutföll vikursteypunnar, en handlangararnir hafi haft hlutföllin uppskrifuð hjá sér. Eftir að vikursteypan var komin á gólfin, hafi hún verið látin þorna eina nótt, en síðan sandlögn sett yfir. Telur hann, að þykkt slitlagsins hafi verið um $\frac{1}{2}$ cm með venjulegum frávikum, þar sem gólfin hafi verið endanlega afrétt með sandlöguninni. Aðspurður um, hversu blaut steypa hafi verið í gólflögninni, segir hann, að hún hafi verið ósköp venjuleg. Eigendurnir hafi annast handlöngun og mikil mannaskipti hafi átt sér stað við verkið. Hafi þeir haft blöndunarhlutföllin skrifuð á spjaldi niðri í kjallara. Hann telur, að hann hafi verið með í að leggja gólflögnina á 11. hæð C og hafi það verið með síðustu íbúðunum. Hann heldur, að vikurblandan í gólflögninni hafi verið hrærð niðri í kjallara, þar sem þá var hægt að anna flutningum á lagaðri steypu um lyftuop hússins, en annars hafi í langflestum íbúðanna vikurinn verið hrærður inni á gólfum þeirra með skóflum. Hann kveðst einnig hafa unnið við gólfin í íbúðinni við hliðina og hafi það verið gert um leið og á sama hátt.

Vitnið Kolbeinn Þorgeirsson hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi 3. júní 1966, að hann hafi verið múrari og hafi unnið við múrverk í Sólheimum 25. Í gólfið hafi verið lögð vikursteypa, blönduð í hlutföllunum 1 : 5. Hún látin þorna eina nótt og síðan lögð yfir mjög þunn sandlögun. Sandlögunin hafi aðeins verið höfð til þess að slétta og holufylla og hún höfð svo þunn, sökum þess að í fyrstu hafi verið reynd þykkari sandlögun, en hún öll losnað frá og sprungið. Hann kveðst ekki hafa unnið við íbúðir á 11. hæð, en einungis við múrverk á 8. hæð hússins. Eigendur íbúðanna hafi annast alla handlögn við múrverkið, en múrarnir hafi sagt þeim til og sagt þeim, hvernig lögunin ætti að vera í hvert skipti. Handlangararnir hafi að mestu verið sömu mennirnir og hafi þeir unnið fyrir alla múrara í húsinu. Þegar lagt hafi verið í gólf, hafi verið bætt við mönnum úr hópi íbúðar-eigenda.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að sannað sé í málinu, að verulegir gallar hafi komið fram á múrverki á gólfi nefndrar íbúðar. Stefndi Sigurður Helgason beri sem múrara-

meistari við húsið alla ábyrgð á göllum þessum gagnvart stefnanda og Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki, sem framselt hafi stefnanda allan rétt sinn á hendur stefnda. Við hinn munnlega málflutning byggði stefnandi einnig kröfur sínar gagnvart stefnda Sigurði á því, að stefndi Sigurður hefði lofað stefnanda að bæta úr göllunum, en ekki efnt það loforð. Þá beri stefndi Byggingameistarinn h/f sem verktaki einnig ábyrgð á göllum þessum, þar sem hlutafélagið beri ábyrgð á mistökum starfsmanna sinna, sem sáu um framkvæmd verksins. Arkitektarnir, stefndu Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson, hafi lagt á ráðin, hvernig múrhuða skyldi gólfín, og beri þeir því einnig ábyrgð á göllunum. Við hinn munnlega málflutning var á það bent af hálfu stefnanda, að aðferðin, sem notuð var, hafi verið liður í tilraunastarfsemi arkitektanna. Múrarmeistarinn hafi samþykkt tilraunina, enda þótt honum hafi sem fagmanni mátt vera ljóst, hve vafasöm hún var. Hinir stefndu beri því allir ríkari bótaábyrgð, þar sem um tilraunir hafi verið að ræða.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður á göllunum samkvæmt matsgerð kr. 22.900.00
2. Röskun vegna viðgerða og afnotamissis — 10.000.00

Kr. 32.900.00

Stefndu Sigurður Helgason og Byggingameistarinn h/f hafa í greinargerð byggt kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að þeir hafi aldrei neitt verk unnið fyrir stefnanda. Stefndi Sigurður hafi á fundi með verkkaupa í aprílmánuði 1961 komið fram með athugasemdir um framkvæmd verksins, en þeim athugasemdum hafi ekki verið sinnt. Þá hafi eigendum verið fullkunnugt um framkvæmd verksins, en engar athugasemdir gert, fyrr en nokkrum árum eftir að því var skilað, en gólf hafi ekki verið dúklögð eða varin fyrr en mikið síðar og gæti það verið ein orsök skemmdanna. Byggingarfélagið Framtak hafi lagt til allt efni og handlangara, en arkitektarnir hafi ákveðið blöndun vikurs og sements. Þá hafi starfsmenn Byggingarfélagsins Framtaks stjórnað upphitun hússins, enda hafi stefndi Sigurður ekki komið nálægt upphituninni, en það sé rétt, að of mikil hitun geti valdið skemmdum á vikrinum. Við hinn munnlega málflutning var á það bent, að vafasamt væri um orsakir til skemmdanna, enda

væri matsgerðin ófullkomin, þar á meðal sundurliðun sú, sem annar matsmaðurinn hefði lagt fram undir rekstri málsins. Framsal kröfunnar til stefnanda sé einnig gallað, þar sem aðeins tveir stjórnendur skrifi undir framsalið. Varakrafan var studd þeim rökum, að ljóst megi vera, að Byggingarfélagið Framtak hafi haft Pétur Laxdal trésmíðameistara sem trúnaðarmann sinn við bygginguna. Beri Byggingarfélagið Framtak því einnig ábyrgð á og sé því skylt að skipta ábyrgðinni og geti stefnandi ekki átt meiri rétt en framseljandi kröfunnar, Byggingarfélagið Framtak, átti. Þá var því haldið fram við hinn munnlega málflutning, að kröfur stefnanda væru fallnar niður fyrir fyrningu.

Hinir stefndu arkitektar, Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson, byggja kröfur sínar um sýknu fyrst og fremst á því, að þeir hafi ekki haft daglegt eftirlit með byggingarframkvæmdum við húsið né á sínum vegum í þeim tilgangi, enda hafi þeir hvorki farið fram á né fengið greiðslu fyrir slíka vinnu. Hið daglega eftirlit hafi verið í höndum trúnaðarmanns eigenda, Péturs Laxdals. Í öðru lagi sé fram komið, að múrhúðun gólfa hafi ekki verið framkvæmd á þann hátt sem í útboðslýsingu greinir og ákveðið hafi verið í viðtölum við múrarameistara hússins. Auk þess sé ljóst, að veigamiklir faglegir gallar hafi orðið á útfærslu verkefnisins. Í þriðja lagi bendi margt til þess, að sumar af skemmdunum geti stafað af náttúruvöldum, frostskemmdum, þar sem frost hafi komið á tímabilinu, á meðan verið var að leggja í gólfín, en hitakerfið hafi ekki verið tengt né sett í samband fyrr en 17. nóvember 1961. Í fjórða lagi hafi komið í ljós, að notkun gólfa og umgengni um þau hafi ekki verið slík sem gerð gólfþússningarinnar hafi gefið tilefni til og eigendum hafi átt að vera fullkunnugt um. Gengið hafi verið á gólfunum allt of fljótt, eftir að lagt var í þau, eða löngu áður en sementið hafði fengið tækifæri til að öðlast fulla bindihörku. Einnig hafi gólfþússning verið óvarin (dúklaus) í lengri tíma, eftir að flutt var í íbúðirnar. Hinir stefndu arkitektar fullyrða, að þar sem skemmdir hafi komið fram, sé vikurílagið mikið veikara en blöndunarhlutfallið 1 hluti af sementi á móti 5 hlutum af vikursandi gefur tilefni til. Skortur á bindiefni geti að þeirra dómi orsakast af eftirtöldum atriðum:

- a. Látið hafi verið minna sement í blönduna en láta átti samkvæmt fyrrgreindum blöndunarhlutföllum.
- b. Sementið hafi verið gallað.

- c. Vikursandurinn hafi verið mengaður efnum, sem dregið hafi úr bindimætti sementsins.
- d. Vikurblandan hafi þornað of hratt, þannig að „bindi- proses“ sementsins hafi stöðvazt, áður en fullri herzlu var náð.
- e. Frostskekkjum.
- f. Slæmri blöndun lögunar, illa hrært. Gætu þá myndast blettir, sem bindiefni vantar alveg í.
- g. Of blaut lögun, sbr. álit Atvinnudeildar Háskólans.

Benda arkitektarnir á, að sérhvert ofangreindra atriða væri nægjanleg orsök fyrir göllum hliðstæðum þeim, sem komið hafi fram á gólfunum, en á engu þessara atriða geti þeir borið ábyrgð. Meginástæðuna fyrir skekkjum á umræddum gólfum telja þeir vera, að vikurilagið hafi verið illa hrært og allt of blautt við niðurlagningu. Leggja þeir á það áherzlu, að arkitektar beri ábyrgð á fyrirmælum sínum og formúlum, en ekki á starfi iðnaðarmanna. Þá taka þeir fram, að einangrun með vikri sé ekki ný byggingaraðferð hér á landi, t. d. hafi húsameistari ríkisins gefið út bókina Húsakostur og hóbýlaprýði á árinu 1939 og þar mælt með vikursteypu til einangrunar. Er því þess vegna mót-mælt af arkitektunum, að hér hafi verið um að ræða tilraunir með áður óþekktu aðferð. Hér hafi verið um að ræða þekktu og nothæfa aðferð, sem mundi hafa náð tilætluðum árangri, ef réttar meðferðar hefði verið gætt, enda hafi flestar íbúðirnar í húsinu reynzt gallalausar. Af hálfu arkitektanna er einnig á það bent, að Byggingarsamvinnufélagið Framtak beri vafalaust ábyrgð að hluta á umræddu tjóni, og geti stefnandi því ekki átt solidarískan bótarétt á hendur stefndu. Byggist þetta á því, að forsvarsmenn Byggingarfélagsins Framtaks hafi vitað um umrædda byggingaraðferð frá fyrra sambýlishúsi, sem félagið reisti, og jafnframt hafi félagið haft sinn eftirlitsmann, Pétur Laxdal. Að lokum var því haldið fram við hinn munnlega mál-flutning, að kröfur stefnanda á hendur arkitektunum væru fallnar niður fyrir fyrningu.

Dómendur fóru á vettvang þann 22. maí s.l. Hafði stefnandi þá sett viðarklæðningu (parket) á gólf stofu og eldhúss. Gólfíð í gangi var klætt með teppi. Að sögn stefnanda hafði áður verið gert við ganggólfið að nokkru. Mátti þó enn finna ójöfnur í múrhúðuninni í gegnum teppið. Í hjónaherbergi var gólfdúkur úr linoleum. Var það gólf mjög dældótt, einkanlega þar, sem mest var gengið á því. Gólf í barnaherbergi var einnig nokkuð

dældótt. Innan við dyrnar í barnaherbergi var alldjúp dæld í gólfinu. Var dúkurinn þar laus, svo að hinir sérfróðu meðdómendur gátu tekið sýni þar úr múrlaginu. Athugun á sýninu leiddi í ljós, að þykkt slitlags var 3—4 mm, og var vikureinangrun þar undir festulítil, en einangrun þessi er sett vegna geislahitunarlagna í gólflötum hússins.

Svo sem áður er lýst, hefur útboðslýsing arkitektanna viðvirkjandi frágangi gólfa ekki að geyma ákveðin fyrirmæli um þykkt slitlags. Fram er komið í málinu, að slitlag á fyrstu gólfunum var 2—3 cm. Óumdeilt er, að slitlag þeirra gólfa sprakk mjög mikið. Voru hinir stefndu arkitektar þá kvaddir á staðinn, og áttu þeir viðræður við múrarameistarann, stefnda Sigurð Helgason, um þetta. Telja verður sannað, að þá hafi verið ákveðið að þynna slitlagið, en hins vegar er ekki í ljós leitt, hvort ákveðið var þá, hver endanleg þykkt slitlagsins skyldi vera. Stefndi Sigurður Helgason heldur því fram, svo sem fyrr er frá greint, að á fundi þessum hafi verið ákveðið að hafa slitlagið örþunnt, og bera sýni þau, sem tekin hafa verið, það með sér, að þannig hefur þetta orðið í framkvæmd. Stefndi Sigurður Helgason, sem hefur lýst því yfir, að hann hafi haft vantrú á aðferð þeirri, sem notuð var, framkvæmdi verkið eigi að síður, enda þótt honum sem reyndum fagmanni hafi átt að vera ljóst, að svo þunnt slitlag var ófullnægjandi. Auk þess er ljóst, að vikureinangrunin er festulítil, að minnsta kosti á köflum. Ósannað er, að efnið, sem notað var, hafi verið gallað. Dómurinn telur hins vegar, að gögn málsins gefi ákveðið til kynna, að mistök hafi átt sér stað við framkvæmd verksins. Stefndi Sigurður Helgason hafði með höndum stjórn múrvinunnar fyrir hönd stefnda Byggingameistarans h/f. Bar honum sem slíkum að sjá um það, að framkvæmd verksins færi þannig úr hendi, að ekki hlytust skemmdir af. Verður því að telja, að stefndi Byggingameistarinn h/f beri ábyrgð á van-gæzlu við framkvæmd verksins, enda telur dómurinn, að í því sambandi skipti ekki máli, þó að handlangarar við múrvinuna hafi verið félagsmenn Byggingarfélagsins Framtaks, þar sem múrarameistanum bar að sjá um, að sá hluti verksins væri rétt framkvæmdur.

Eftir að gallar komu fram á fyrstu gólfunum, ákváðu arkitektarnir í samráði við múrarameistarann að þynna slitlagið, eins og áður er frá greint, án þess að kanna á fullnægjandi hátt, hvort sú breyting fengi staðizt. Verður að líta svo á, að skort hafi á nægjanlega aðgæzlu af þeirra hendi, en með tilliti til fyrri galla

var sérstök ástæða fyrir þá að sýna fyllstu varúð við öll fyrir-mæli um framkvæmd verksins. Vegna þessarar vangæzlu bera arkitektarnir einnig ábyrgð á hinum framkomnu göllum, enda skiptir ekki máli, eins og á stendur, þó að þeir hafi ekki tekið að sér daglegt eftirlit við byggingarframkvæmdir.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið lýst, hafa allir hinir stefndu sýnt af sér vangæzlu við undirbúning og framkvæmd umrædds múrverks. Stefndu hafa lagt á það mikla áherzlu, að ábyrgð þeirra takmarkist verulega vegna þess eftirlits, sem Pétur Laxdal trésmíðameistari hafði með höndum. Dómurinn lítur svo á, að einangrunaraðferð sú, sem hér var um að ræða, hafi í raun verið það vandasöm, að trúnaðarmanni Byggingarfélagsins Framtaks, sem var trésmíðameistari að iðn, hafi tæpast verið unnt að gera sér glögga grein fyrir því, hvernig bregðast skyldi við göllum þeim, sem fram komu á fyrstu gólfunum. Þykir því ekki unnt að takmarka ábyrgð hinna stefndu af þessari ástæðu. Sú málsástæða stefndu, sem fram kom við hinn munnlega málflutning, að krafa þeirra væri fallin niður fyrir fyrningu, er gegn mót-mælum stefnanda of seint fram komin. Sama er að segja um þá málsástæðu hinna stefndu arkitekta, sem látið var liggja að við hinn munnlega málflutning, að krafan á hendur þeim væri fallin niður fyrir vangeymslu. Að því er varðar sömu málsástæðu stefndu Sigurðar og Byggingameistarans h/f, þá verður að líta svo á, að þeirri staðhæfingu stefnanda, að hann hafi kvartað við stefnda Sigurð Helgason snemma á árinu 1962 og einnig síðar, hafi ekki verið hnekkt. Þykir sú kvörtun einnig verða að ná til stefnda Byggingameistarans h/f, þar sem stefndi Sigurður Helgason var í fyrirsvari fyrir það firma. Að svo vöxnu máli kemur þessi málsástæða þessara stefndu ekki að haldi. Stefnandi hefur lagt fram framsöl til sín frá Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki vegna alls þess réttar, sem félagið kann að eiga á hendur stefndu vegna gallanna. Þessum framsölum hefur ekki verið hnekkt. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og atvikum málsins að öðru leyti verða hinir stefndu að bera óskipta fjáraþbyrgð á tjóni stefnanda.

Að því er fjárhæð fyrra kröfuliðs stefnanda varðar, þá er hún byggð á matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem ekki hefur verið hnekkt. Verður sá kröfuliður því tekinn til greina. Að því er síðari kröfulið stefnanda varðar, þá telur dómurinn, að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna þeirrar röskunar og afnotamissis, sem viðgerð á göllunum hefur í för með sér. Þykir

Þessum kröfulið í hóf stillt, og verður hann því einnig tekinn til greina.

Vaxtakröfu stefnanda hefur verið mótmælt. Rétt þykir að dæma stefndu til að greiða stefnanda ársvexti, er reiknast 6% frá 26. júní 1965 til 1. janúar 1966, en 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 12.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðriki Helgasyni múrarameistara og Jóhannesi Guðmundssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Helgason, Byggingameistarinn h/f, Guðmundur Kr. Kristinsson og Gunnlaugur Halldórsson, greiði óskipt stefnanda, Bjarna Hannessyni, kr. 32.900.00 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. október 1969.

Nr. 185/1968. **Ingvar S. Ingvarsson f. h.**

Ingvars Jóns Ingvarssonar og

Sigurlaug M. Jónsdóttir

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegen

Guðmundi E. Sæmundssyni & sonum

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa afrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1968 og gert þessar dómkröfur: